

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hlíðarendi – reitur I – Haukahlíð 6 – USK23010208.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 19. september 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reits I við Haukahlíð, lóð nr. 6 við Haukahlíð. Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 70 íbúðum í 85 leiguíbúðir. Einnig verða breytingar; á hlutföllum íbúðastærða fyrir lóðina, á skilmálum um randbyggð og útlit á þann hátt að norður- og suðurhlíð verði deilt í fjórar einingar í stað fimm, á skilmálum um frágang innan lóða, á skilmálum um ofanvatnslausnir og jarðvegsdýpt auk þess sem deiliskipulagsmörk verða færð að lóðamörkum. Jafnframt er fjölgun bílastæða í kjallara í 54 stæði ásamt útlítingu á fyrirkomulagi aðgengis í bílakjallarann, sbr. niðurstöðu á uppfærslu samgöngumats. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartúnsreitir vestur – Guðrúnartún 1 – USK24090070.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 10. október 2024, breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur vegna lóðarinnar nr. 1 við Guðrúnartún. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits á norðausturhorni suðurhúss, við hlið núverandi útistiga (Guðrúnartúnsmegin). Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartúnsreitir vestur – Borgartún 1 og 3 og Guðrúnartún 4 – USK23110063.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 24. október 2024, breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur vegna lóðarinnar nr. 1 og 3 við Borgartún og 4 við Guðrúnartún. Í breytingunni felst sameining lóðanna þriggja í eina lóð, aukning á byggingarmagni og heimild fyrir því að reisa hótélbyggingu á hinni sameinuðu lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Korpúlfsstaðir – Thorsvegur 1 – USK24050137.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 31. október 2024, breytingu á deiliskipulagi Korpúlfsstaða vegna reits B á lóð nr. 1 við Thorsveg. Í breytingunni felst m.a. að reiturinn verði einnig skilgreindur fyrir vélageymslu með starfsmannaaðstöðu Golfklúbbs Reykjavíkur og að núverandi efnisgeymsla sem hólfuð er niður með stoðveggjum standi áfram á lóðinni. Hámarksstærð byggingar verði 600 fm og hámarkshæð byggingar vélageymslu verði 7 m frá neðstu gólfplötu. Bílastæði miðast við 1 stæði á hverja 100 fm og verða því 6 og hjólastæði miðast við 0,6 stæði á 100 fm og verða því 4. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 14. nóvember 2024.

Björn Axelsson.